



10. janúar 2022

## Varðandi bólusetningar barna gegn SARS-CoV-2

Umtalsverðar vangaveltur eru í samfélaginu og á samfélagsmiðlum varðandi bólusetningar barna gegn COVID-19. Fyrir ári síðan (5. janúar) birtum við á síðu Barnaspítala Hringisins álit okkar á bólusetningum barna á þeim tíma. Á því ári sem liðið er hafa birst niðurstöður rannsókna sem sýnt hafa góða virkni og öryggi bóluefnanna hjá börnum. Þá hefur faraldurinn tekið nokkrum breytingum á þeim 12 mánuðum sem liðnir eru.

Það er skoðun okkar nú að bólusetningar barna, fimm ára og eldri séu bæði skynsamlegar og mikilvægar.

Helstu atriði þessu til stuðnings eru m.a. eftirfarandi:

- Ný afbrigði SARS-CoV-2 veirunnar smita börn meira en fyrri afbrigði. Þó börn smitast enn þá minna en fullorðnir og verða síður alvarlega veik er þessi staða breytt. Ný afbrigði veirunnar leggjast á börn, þau geta vissulega glímt við umtalsverð einkenni og orðið alvarlega veik. Einkenni COVID-19 hjá börnum geta þannig verið alvarleg.
- Rannsóknir hafa sýnt að langtímaeinkenni eftir sýkingu með SARS-CoV-2 koma líka fyrir hjá börnum eins og unglíngum og fullorðnum. Einkenni „Long COVID“ geta m.a. verið þreyta, höfuðverkur, slappleiki, hjartsláttartruflanir og svefntruflanir ásamt einbeitingarskort.
- Rannsóknir á virkni bóluefnisins hjá börnum liggja fyrir. Börn eldri en fimm ára svara bóluefninu vel og mynda góð mótefni, a.m.k. sambærileg við mótefnamyndun unglínga þrátt fyrir að skammturinn þriðjungur af því sem fullorðnir og unglíngar fá.
- Rannsóknir hafa sýnt að alvarlegar aukaverkanir bóluefna gegn COVID-19 hjá börnum eru mjög sjaldgæfar. Aukaverkanir bólusetningarinnar eru oft af sama toga og einkenni COVID-19 sjúkdómsins – en miklu sjaldgæfari og minni. Algengar aukaverkanir s.s. hiti og eymsli á stungustað eru svipaðar og við notkun annarra bóluefna hjá börnum.
- Reynsla af notkun bóluefnisins fyrir börn eldri en fimm ára er nú umtalsverð og nær til milljóna barna um allan heim. Þrátt fyrir strangt eftirlit hafa tilkynningar um alvarlegar aukaverkanir verið fátíðar.
- Miðað við stöðu faraldursins nú, er næsta víst að flestir sem ekki eru bólusettir muni smitast á næstu mánuðum og getur það leitt til fjölda innlagna á Barnaspítala Hringisins vegna COVID-19 sjúkdómsins.
- Fullorðnum einstaklingum á Íslandi er boðin vörn gegn COVID-19. Við teljum að börn eigi sama rétt.
- Þó heilsufarsleg rök standi okkur barnalæknum nær ætti ekki að vanmeta þá miklu og endurteknu truflun á skólastarfi sem án efa er börnum erfitt. Bólusetningar geta dregið úr þörf á sóttkví og einangrun í þessum hópi grunnskólabarna.
- Þó þau rök vegi ekki mjög þungt að okkar mati, má vissulega hafa í huga að börn geta borið smit í aðra.

Með ofanskráð í huga teljum við rétt að mæla með bólusetningum barna frá 5 ára aldri gegn COVID-19.

Ásgeir Haraldsson,  
prófessor í barnalækningum,  
yfirlæknir og forstöðumaður fræðasviðs  
Barnaspítali Hringins,  
Landspítali - háskólasjúkrahús  
101 Reykjavík

t-póstur: [asgeir@landspitali.is](mailto:asgeir@landspitali.is)

Valtýr Stefánsson Thors,  
Barnalæknir, sérfræðingur í  
smitsjúkdómum barna, kennslustjóri  
framhaldsnáms í barnalækningum  
Barnaspítali Hringins, Landspítali -  
háskólasjúkrahús  
101 Reykjavík  
t-póstur: [valtyr@landspitali.is](mailto:valtyr@landspitali.is)